

N1 ehf. Smurstöð
Reykjavíkurvegur 54
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 27. febrúar 2025
Tilvísun: E49431

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: eftirlit@n1.is

Eftirlitsskýrsla

Tílefni: Úttekt	Eftirlit framkvæmt: 27.2.2025
Starfsleyfi: Gildir til 25.4.2025	Starfsemi: Smurstöð
Aðsetur: Reykjavíkurvegur 54	Kennitala: 4110033370
Fulltrúi fyrirtækis: Viktor Örn G.	Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#), reglugerð um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi [nr. 884/2017](#), reglugerðar um meðhöndlun úrgangs [nr. 803/2023](#), auk reglugerðar um fráveitur og skólp [nr. 798/1999](#). Stuðst var við samræmd starfleyfisskilyrði fyrir smurstöðvar sem eiga sér m.a. stöð í fyrrgreindri reglugerð og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#).

Niðurstöður eftirlits

Lóð og húsnæði: Snyrtileg aðkoma að smurstöð, engir lausamunir á lóð. Úrgangsolúgeymir í læstu rými á hlið, niðurgrafinn í jörð. Sorpílat samnýtt með verkstæði. Engar athugasemdir.

Mengunarvarnir: olúgildra er tengd öllum niðurföllum innan verkstæðis að sögn fulltrúa fyrirtækis. 6-7 þúsund lítra olúgildra sem er einnig nýtt fyrir bensínstöðina. Sjálfvirkur viðvörunarbúnaður sem bensínstöðin hefur eftirlit með, aukaleg vöktun 2x á ári. Olúhreinsiefni notuð til að þrifa gólf, þrifið daglega og stórþrif 2-3x á viku skv. starfsmanni. Snyrtilegt við eftirlit og gólf þrifaleg. Búnaður til upphreinsunar reiðubúinn ef fljótandi úrgangur fellur niður, bæði mottur og sandur. Spilliefnakar samnýtt með verkstæði. Mengunarvarnarbúnaður í geymslurými í smurgryfju með uppsogsgetu um 17.5 lítrar sem er með skýringum og notkunarleiðbeiningum. Engar athugasemdir.


Geymsla á olíu og olúefnum: Lekabytta er undir olúefnum sem eru í notkun á verkstæðinu. Síur pressaðar og skilað sér. Olúgeymslurými á verkstæði sem er inngengt úr Tékklandi, þar eru úrgangsolútunnur, olútunnur í notkun og síur geymdar. Ekkert niðurfall í því geymslurými. Engar athugasemdir.

Spilliefni og annar úrgangur: Viðurkennd spilliefnamóttaka með starfsleyfi sér um að farga spilliefnum (úrgangsolíu, olíusíur). Olíusmitaður úrgangur fer í spilliefnakar N1. Annar úrgangur flokkaður. Engar athugasemdir.



Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga [nr. 37/1993](#) er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllt,



Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi.